

Starfs og úthlutunarreglur

1. Stjórnendur hjá stofnunum og fyrirtækjum sem eiga aðild að sjóðnum geta sótt um styrki úr sjóðnum.
 - a. Veittir eru styrkir til fræðsluverkefna á sviði starfsmenntunar, endur- og símenntunar sem eru í samræmi við markmið sjóðsins til stofnana og fyrirtækja sem í sjóðinn greiða.
 - b. Veittir eru styrkir í verkefni sem aðilar semja um í kjarasamningum.
2. Fylla þarf út umsóknareyðublað og senda til Eflingar - stéttarfélags. Með umsókn þarf að fylgja lýsing á náminu/verkefninu, skipulagi þess og markmiðum, áætluðum kostnaði og fjölda þátttakenda, öðrum styrkjum og mótframlagi umsækjanda.
3. Umsóknir sem berast fyrir 20. hvers mánaðar eru afgreiddar fyrir 1. næsta mánaðar á eftir. Uppgjör fer fram þegar námi er lokið og staðfesting á kostnaði og þátttöku hefur verið lögð fram ásamt stuttri greinargerð um framgang námsins. Tilgreina þarf nöfn og kennitölur þeirra félagsmanna sem hafa nýtt sér námið áður en styrkur er greiddur.

Umsóknareyðublað er hægt að nálgast hjá Eflingu – stéttarfélagi, Sæturni 1, á www.efling.is www.hlif.is og á www.vsfk.is

-Ekki mega líða meira en 12 mánuðir frá því að námi lýkur þar til að sótt er um endurgreiðslu.

Uppgjör skal alla jafna fara fram innan 12 mánaða frá styrkveitingu.

-Tekið er við umsóknum til og með 20. hvers mánaðar og greitt er út fyrsta virka dag í mánuði. Greitt er inn á bankareikning viðkomandi.

Reglur þessar öðlast gildi 1. apríl 2008